

FRÉTTIR

Yngsti þingmaðurinn boðinn velkominn

Jón Baldvin Hannibalsson tekur á móti Lúðvík Bergvinssyni, eina nýliðanum í sjö manna þingflokki Alþýðuflokksins. Lúðvík, sem er þritugur Eyjamaður, er yngsti alþingismaður hins nýja þings.



Nei, nei, Nonni minn, þú þarft ekkert að borga. Þetta er bara smá þakklætisvottur frá S-listanum.

Menntaskólinn í Reykjavík


Sögupróf á páskum

HÁTT í 200 stúdentsefni þreyttu sögupróf í Menntaskólanum í Reykjavík annan páskadag. Guðni Guðmundsson, rektor, segir að aldrei hafi verið farin sú leið að prófa á páskum áður.

Hann sagði að nemendur hefðu beðið um að einu prófi yrði fyllt til að létta á sjálfum prófatímanum. „Sagan er ein þriggja greina sem kenndar eru í sama magni í öllum deildum. Við ákváðum að velja söguna og þau fengu nokkra aukatíma í síðustu viku til að fara yfir námsefnið,“ sagði Guðni. Um námsefnið sagði hann að prófað væri í gjörfalli mannkynssögunni frá fornöld til samtímans.

Skólaslit 1. júní

Guðni sagðist óttast að ekki hefðu allir nemendur tekið nýliðið kennaraverkfall sem langt upplestrarfrí eins og ráðlagt hafi verið. Ekki væri heldur ráðlegt að láta reyna af mikið á það heldur gefa nemendum eðlilegan tíma svo alls réttlætis væri gætt. Hann sagði í skóla-byrjun hefði verið ákveðið að slíta skólaárinu 1. júní og svo yrði.



Morgunblaðið/Muggur

TOGARINN Drangur frá Grundarfirði færði Lóm til Reykjavíkurhafnar í fyrradag.

Lómur stjórnlaus við Garðskaga

FLUTNINGASKIPIÐ Lómur varð stjórnlaust vestur af Garðskaga á páskadag þegar skipið missti stýringu. Lómur var á leið austur á firði til þess að lesta loðnumjöli og óskaði strax eftir aðstoð samkvæmt upplýsingum frá Tilkynningaskyldu. Þjörgunarbátur Slysavarnafélags Íslands í Sandgerði, Hannes P. Hafstein, fór á vettvang og búið var að koma taug á milli skipanna þegar svo vildi til að Hannes bilaði og þurfti að halda til hafnar.

Að því búnu var sent eftir þjörgunarbáti Slysavarnafélagsins í Reykjavík, Henry Hálfðanarsyni, en sjólag var orðið það vont þegar út undir Garðskaga var komið að hann þurfti frá að hverfa.

Var þá leitað til togara skammt undan, Drangs frá Grundarfirði, sem hélt Lómi til aðstoðar. Tók Drangur Lóm í tog og komu skipin til Reykjavíkurhafnar um átta leytíð að kvöldi annars páskadags. Lómur er enn í höfninni og bíður þess að vera færður í slipp.

Rannsóknardagur Borgarspítalans í dag

RANNSÓKNARDAGUR Borgarspítalans verður haldinn í dag en tilgangur hans er að gefa þeim sem vinna að rannsóknum tækifæri til að kynna þessa vinnu fyrir samstarfsfólki á Borgarspítala og öðrum. Slíkt ætti ekki einungis að vera hvetjandi fyrir flytjendur heldur einnig fyrir samstarfsfólk á Borgarspítalanum til að vinna að frekari rannsóknarverkefnum hér eða í samvinnu við aðrar stofnanir, segir í fréttatilkynningu frá Borgarspítalanum.

Einnig segir: „Borgarspítalinn er háskólasjúkrahús og gegnir mikilvægu hlutverki í kennslu læknaema, hjúkrunarnaema og annarra heilbrigðisstétta. Til að Borgarspítalinn geti rækt þetta kennsluhlutverk sitt er nauðsynlegt að starfsfólki gefist kostur á, samhliða starfi á spítalanum, að vinna að rannsóknarverkefnum sem eru bæði hvetjandi fyrir kennara og nemendur.

Vísindaráð Borgarspítalans telur að þátttakan í þessum fyrsta Rann-

sóknardegi, þar sem fleiri en 50 rannsóknarverkefni verða kynnt, sýni að vissulega sé unnið á þessu sviði hér á spítalanum enda þótt stöðugt megi þar auka við. Þessi verkefni koma frá flestum deildum spítalans og eru unnin af mörgum starfsettum. Vísindaráð vonast til að þessi Rannsóknardagur verði til þess að efla þessa starfsemi og geti orðið að árlegum viðburði hér á spítalanum.“

Þjónusta við spilafíkla hjá SÁÁ

Fáum eina til tvær fyrirspurnir á viku

MEDFERÐ fyrir spilafíkla á sér nokkurn aðdraganda hér á landi að sögn Péturs. „Það eru nokkur ár síðan við fengum dæmi um spilafíkil inn á borð til okkar en fram að því höfðum við einungis fengið fyrirspurnir. Árið 1990 gerði ég síðan tilraun með það að vinna með nokkrum spilafíklum. Það gekk hins vegar mjög illa og hópurinn flosnaði upp því það er erfið að halda spilafíklum saman í hópi. Ég er þeirrar skoðunar að það liggi í sjúkdómnum sjálfum. Spilafíkillinn er gjarnan einn með sitt vandamál og því fylgir oft mikil skömm. Hann hefur ekki samskonar aðhald og alkóhólisti frá umhverfinu.“

– Er boðið upp á meðferð fyrir spilafíkla hjá SÁÁ núna?

„Við höfum brugðið á það ráð að bjóða upp á ráðgjöf einn dag í viku og ég er einnig að reyna að stofna stuðningshóp sem hittist einu sinni í viku. Einnig ráðleggjum við fólk að ganga í „Gamblers Anonymous“ eða GA-samtök. Við stefnum svo auðvitað að því að víkka þetta út. En við erum þó byrjaðir á því að reyna að greina þá áfengissjúklinga sem við höfum til meðferðar og eru hugsanlega haldnir spilafíkl. Þess má geta að tölur erlendis frá segja okkur að um það bil helmingur spilafíkla sé einnig háður áfengi eða öðrum vímuefnum. Tölur um vímuefnaáferðir í Bandaríkjunum sýna að 5–12% sjúklinga eigi einnig við að stríða vandamál tengd fjárhættuspilum, hvort sem það er orsök eða afleiðing.“


– Hvaða þættir eru sameiginlegir með spilafíklum og áfengis- eða vímuefnasjúklingum?

„Afleiðingarnar eru oft svipaðar, einnig getur maður sagt það að leiðin til bata er í grundvallaratriðum mjög áþekkt. Það er að segja að þeir þurfa að temja sér raunsæi, ná sér út úr afneitun, taka á sínum vörnum og breyta lífsmynstri. Þeir þurfa að læra að taka á streitu og tilfinningum á nýjan hátt. En maður þarf að vara sig á því að rugla þessu ekki saman þegar rætt er um orsakafæri sjúkdómsins. Í ljós kemur að spilafíklar búa ekki yfir neinum sérstökum persónuþáttum frekar en alkóhólistar.“

– eru margir spilafíklar á Íslandi?

„Miðað við faraldsfræðilegar rannsóknir erlendis eru 1–2% af þjóðinni spilafíklar. En

það er varasamt fyrir okkur að yfirfæra slíka tölfræði alveg beint því þegar bandarískar rannsóknir eru skoðaðar er hlutfallið af spilafíklum mjög breytilegt eftir því hversu aðgengileg fjárhættuspilin eru. Möguleikarnir á slíkum spilum hafa aukist hér á landi og því má búast við að spilafíklum hafi verið að fjölga hér undanfarin ár. Það lækkar eitthvað fjölda annars vegar að við erum ekki með einkareknar fjárhættuspilastofur eða jafn fjölþætta möguleika. Það sem fólk ánetjast hér fyrst og fremst eru spilakassarnir og bingó.“



Pétur Tyrfinngsson

► PÉTUR Tyrfinngsson fæddist í Reykjavík 18. maí 1953. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum við Tjörnina 1974, las síðan stjórnfræði við Háskóla Íslands og félagsfræði, hugmynda- og lærdóms sögu við Háskólann í Lundi frá 1975–1981 en lauk aldrei prófi. Hann stundaði verkamannavinnu frá 1981–86 og hefur starfað við áfengismeðferð hjá SÁÁ síðastliðin níu ár. Pétur kvæntist Svövu Guðmundsdóttur árið 1974 en hún lést árið 1987. Þau eignuðust tvo syni, Guðmund og Gunnlaug Má, en núverandi sambýliskona Péturs er Kolbrún Jónsdóttir. Pétur stundar nú nám í sálfræði við HÍ með starfi sínu.

– Hvað hafa margir leitað til ykkar?

„Ætli það séu ekki 1–2 á viku sem hafa talað við okkur í vetur en þess verður þó að geta að vafi leikur á því hvort þeir séu allir haldnir spilafíkl. Þeir sem tolla hjá okkur eru mun færri.“

– Hvernig er skiptingin milli kynja og starfsstétta?

„Karlmenirnir eru fleiri en konurnar og yngri. Í fræðunum er talið að spilasýki byrji yfirleitt mjög snemma á ævinni og yfirleitt fyrir tvítugt.“

– Hver telst spilasjúkur og hver ekki?

„Fólk getur lagt fyrir sig þrjár einfaldar spurningar. Hvort það hafi tekið fé að láni til að stunda fjárhættuspil, annaðhvort hjá annarri mannesku eða varið peningum sem ætlaðir voru í annað. Í öðru lagi getur það spurt hvort fjárhættuspil hafi einhvern tíma orðið þess valdandi að viðkomandi hafi vanrækt eitthvað sem honum er kært eða finnst skipta máli, hvort sem það er nám, fjölskylda eða heimilislíf. Í þriðja lagi má spyrja hvort viðkomandi hafi mistekist

Spilafíkillinn er gjarnan einn með sitt vandamál

að draga úr eða hætta spíla-mennsku. Ef maður svarar einni spurningu játandi eru nokkrar líkur á því að maður eigi við eitthvað vandamál að stríða. Svári maður tveimur eða öllum játandi er nokkuð víst að maður sé spilasjúkur. Þetta er hins vegar einungis stikkprufa sem ekki er beitt þegar verið er að sjúkdómsgreina fólk. Hún nægir hins vegar ef fólk vill átta sig á því hvort það á að leita sér aðstoðar.“